

Fréttabréf Garðasels desember 2019



Aðventustundir í desember

Á mánudögum fram að jólum **2. desember, 9. desember, 16. desember og 20. desember**, verða aðventustundir á Skála kl: 9.00 þar sem kveikt verður á kertum aðventunnar, jólsögur lesnar og jólalögin sungin.

Jólaþema

Í Garðaseli er jólaþema á öllum deildum þar sem föndur, söngur, bakstur og annað tengt jóluþema verður efst á baugi. Jólatréð verður sett upp á Skála í næstu viku og hjálpast allar deildir við skreyta það og Skálann.



Hjálpum öðrum – verkefni í desember



Dagana **2. – 6. desember** ætlum við í Garðaseli að koma með gosflöskur að heiman og safna saman. Börnin fara með flöskurnar í endurvinnsluna og andvirði söfnunarinnar rennur til barna í SOS-barnaþorpunum. Garðasel er Sólblómaleikskóli og þessi árlega söfnun er okkar framlag til þessa góða málefnis fyrir börn víða um heim.

Jólasamvera, jólatónleikar og aðventukaffi

Allar deildir eru með jólaviðburði í desember þar sem foreldrum / fjölskyldum barnanna er boðið að koma, taka þátt og þiggja heitt súkkulaði og smákökur í lokin.

- **mánudaginn 9. desember kl: 15.00-15.45 – Holt**
- **þriðjudaginn 10. desember kl : 15.00-15.45 – Lón**



Þriðjudaginn 17. desember kl: 15.30 – 2014 og 2015 árgangar á Vík

Jólatónleikar í Tónbergi í umsjón Samúels Þorsteinssonar, kennara og kennara á Vík og Holti. Tónleikarnir verða með sama sniði og í fyrra þar sem eldri nemendur Samúels aðstoðuðu við undirleik og söng. Tónleikarnir verða teknir upp og foreldrar geta fengið þá upptöku síðar. Aðventukaffi verður fyrir fjölskyldur barnanna í anddyri tónlistarskólans eftir tónleikana.





Rauður dagur og Litlu- jólin

Fimmtudaginn 19. desember er Rauður dagur í leikskólanum og á þessum degi koma allir í einhverju rauðu.

Litlu jólin eru á Rauðum degi og **hefst jólaskemmtunin kl: 9.30 með leiksyningu** Þorra og Puru sem síðan sjá um jólaball ásamt jólasveini. Börnin dansa í kringum jólatréð með þeim, syngja og skemmta sér.

Jólamaturinn

Föstudaginn 20. desember verður jólamaturinn í leikskólanum og þá eru dekkuð borð fyrir deildir, hlaðborð af ljúffengum jólamat og ís á eftir.

Dagatöl í desember

Leikskólinn gerir dagatal fyrir desember en þar er að finna allar helstu upplýsingar um skipulag skólans og viðburði í jólamánuðinum.

Hver deild gerir líka viðburðardagatöl þar sem annað skipulag deildar er sett inn. Þessi dagatöl má nálgast á heimasíðu deildanna og foreldrar fá þau einnig send heim í tölvupósti.



Tilkynningar á fjarveru barna

Undanfarin ár hafa mörg börn eru í fríi einhverja daga um eða í kringum jólahátíðina. Þessa daga, eins og aðra, vill leikskólinn gjarnan vita hvort börnin mæta eða ekki. Foreldrar eru beðnir að hringja þá daga sem börnin mæta ekki eða skrá fjarvistir þeirra á lista sem settir verða upp í forstofum deilda ef foreldrar **kjósa að** skrá frídaga barna sinna fyrirfram.

Leikskólinn gefur öllu starfsfólki jólafrídag og skipulag starfseminnar dagana 27. og 30. desember tekur mið af því.

Á nýju ári 2020

opnar leikskólinn fimmtudaginn 2. janúar með hefðbundnu skipulagi.



Gleðilega aðventu